



Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Sölvhólgötu 4
101 Reykjavík

Reykjavík 14. desember 2018

Efni: Námsvist ólögráða nemenda í framhaldsskólum

Umboðsmaður barna vísar til bréfs ráðuneytisins, dags. 20. nóvember 2018, en um var að ræða svar við erindi umboðsmanns, dags. 3. september 2018, þar sem óskað var eftir svörum ráðuneytisins um það hvernig fræðsluskylda er tryggð í framkvæmd og hvernig réttur barna til inngöngu og náms í framhaldsskóla er virtur.

Í bréfi ráðuneytisins kemur fram að Menntamálastofnun hafi verið falin umsjón með innritunarferli í framhaldsskóla til þess að tryggja að allir nýnemar sem sækja um fái skólavist. Í bréfinu kemur jafnframt fram að í málum eldri nemenda á fræðsluskyldualdri fái Menntamálastofnun upplýsingar úr innritunarkerfi framhaldsskóla og hafi samband við nemendur sem eru á fræðsluskyldualdri og án skólavistar. Þá greinir ráðuneytið frá því að haft sé samband við þá umsækjendur og athugað hvort þeir óski eftir því að Menntamálastofnun hafi milligöngu um að finna viðkomandi skólavist í öðrum skóla.

Hvað varðar mál nemenda sem hafa ekki skilað tilskyldum námsárangri og/eða ekki uppfyllt skilyrði um mætingu greinir ráðuneytið frá því að hefð hafi skapast fyrir því að nemendur sem ljúki einhverjum áföngum í fjar- eða kvöldnámi eigi greiðan aðgang inn í framhaldsskóla á ný. Ráðuneytið vísar jafnframt til reglugerðar um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í framhaldsskólum, nr. 326/2016, þar sem segir: „Haldi nemandi uppteknum hætti þrátt fyrir undangengna aðvörun og/eða skriflega áminningu og brot hans eru alvarleg má vísa honum tímabundið úr einstökum námsáföngum eða úr skóla, á meðan reynt er að finna lausn á máli hans, að hámarki eina kennsluviku. Ef allar tiltækar leiðir hafa verið reyndar og ekki tekst að finna lausn á máli nemanda er skólameistara heimilt að víkja honum ótímabundið úr skóla“. Þá kemur fram í bréfinu að ráðuneytið hafi engu að síður gefið út þau fyrirmæli til skóla að óheimilt

sé að vísa ólöggráða nemendum úr skóla hafi þeir ekki staðist kröfur um lágmarkseinkunn og námsframvindu.

Umboðsmaður barna hefur undir höndum afrit af bréfi ráðuneytisins, dags. 8. júní 2010, sem sent var öllum skólameisturum framhaldsskóla en þar kemur fram að samkvæmt gildandi lögum um framhaldsskóla eigi allir ólöggráða nemendur rétt á skólavist. Í bréfinu áréttar ráðuneytið að óheimilt er að vísa ólöggráða nemendum úrskóla hafi þeir ekki staðist skilgreindar kröfur um lágmarkseinkunn og námsframvindu nema nemendur hafi brotið skólareglur.

Umboðsmaður barna hefur jafnframt undir höndum bréf ráðuneytisins, dags. 9. mars 2017, þar sem ráðuneytið kynnti niðurstöðu sína í máli þar sem foreldri kvartaði yfir þeirri ákvörðun Verzlunarskóla Íslands að vísa ólöggráða nemenda úr skóla, á þeim grundvelli að viðkomandi hafi ekki náð skilgreindum lágmarkseinkunnum á lokaprófi í fjórum áföngum. Í bréfinu kemur fram að umræddum nemenda var tilkynnt um brottvísun úr skólanum þann 19. desember 2016 en fram kemur að á þeim tímapunkti var innritun fyrir næstu önn þegar lokið og því ljóst að hætta var á því að umræddur nemandi yrði án skólavistar í upphafi nýs árs.

Í bréfinu kemst ráðuneytið að þeirri niðurstöðu að ólöggráða nemendur eigi ótvíræðan rétt á skólavist í framhaldsskóla, samkvæmt 32. gr. laga um framhaldsskóla en ráðuneytið vísar jafnframt til Barnasáttmálans, sbr. lög nr. 19/2013 og 2. mgr. 76. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands. Þá vísar ráðuneytið til þess að það sé viðurkennt að skólum sé bæði rétt og skylt að halda uppi námsaga og gera kröfur til þess að nemendur haldi almennar skólareglur. Þannig kunni nemendur að þurfa að sæta því að flytjast á milli á milli framhaldsskóla uppfylli þeir ekki þær kröfur sem gerðar eru til þeirra í skólareglum hvers skóla fyrir sig. Í bréfinu setur ráðuneytið fram það mat að ekki sé tilefni til að gera athugasemdir við afgreiðslu skólans í málinu en beindi ráðuneytið þeim tilmælum jafnframt til Verzlunarskóla Íslands að gera nemendum skýrlega grein fyrir afleiðingum þess að standast ekki kröfur skólareglna um lágmarksnámsframvindu.

Með hliðsjón af framangreindu er það mat umboðsmanns barna að framhaldsskólum sé í raun í sjálfsvald sett hvernig þeir bregðast við námsörðugleikum eða öðrum aðstæðum framhaldsskólanema sem verða þess valdandi að þeir ná ekki tilskyldum námsárangri og/eða uppfylla ekki skilyrði um mætingu. Þannig er hvergi kveðið á um skyldubundin viðbrögð framhaldsskóla, sem eiga að miða að því, að veita ungmenni stuðning til þess að halda áfram og ljúka námi í þeim framhaldsskóla sem þeir hafa fengið inngöngu í og sem þeir hafa sjálfir valið, nema um veikindi eða sértæka námsörðugleika sé að ræða. Að mati umboðsmanns barna er ljóst að erfitt getur reynst fyrir ungmenni sem hefur verið vísað úr skóla, jafnvel á miðju skólaári, að takast á við þá áskorun sem felst í því að þurfa að stunda kvöldnám til þess að fá inngöngu á ný í annan framhaldsskóla. Má leiða að því líkur að þessi hópur sé í sérstakri hættu á því að ljúka ekki framhaldsskólanámi á tilsettum tíma eða hverfa alfarið frá námi.

Umboðsmaður vill í þessu samhengi sérstaklega áréttar 28. gr. Barnasáttmálans en þar er m.a. kveðið á um skyldu aðildarríkjanna til stuðla að reglulegri skólasókn og draga úr því að nemendur hverfi frá námi. Þá kemur fram í aðalnámsskrá framhaldsskóla að hlutverk framhaldsskóla er að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og þá eiga skólarnir m.a. að efla sjálfstraust nemenda og þjálfar þá í öguðum og sjálfstæðum vinnubrögðum. Með vísan til þess óskar umboðsmaður barna eftir álitum ráðuneytisins á því hvernig framangreind túlkun

fræðsluskylduákvæðis framhaldsskólalaga uppfylli framangreind ákvæði Barnasáttmálans og aðalnámsskrár framhaldsskóla. Í þessu samhengi vill umboðsmaður barna sérstaklega árétta framkomnar upplýsingar um hátt hlutfall brottfalls nemenda í framhaldsskólum og vísbendingar um vaxandi andlega vanheilsu þessa hóps.

Þá óskar umboðsmaður barna jafnframt eftir álitni ráðuneytisins á því hvort ástæða sé til þess að taka til skoðunar mögulegar breytingar á fræðsluskylduákvæðinu og kveða á um frekari skyldu framhaldsskóla til þess að styðja við nemendur í vanda til að tryggja farsæla skólagöngu þeirra. Ber til þess að líta að í framhaldsskólum fer fram mikilvægt mótunarstarf sem er liður í því að styðja nemendur í því að verða virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðissamfélagi.

Með vísan í 2. mgr. 5. gr. laga nr 83/1994, óskar umboðsmaður barna jafnframt eftir afritum af öllum úrskurðum ráðuneytisins í málum er varða brottvísun nemenda úr framhaldsskólum vegna brota á skólareglum um námsárangur og/eða mætingu frá gildistöku framhaldsskólalaga árið 2008.

Virðingarfyllt,



Salvör Nordal,

umboðsmaður barna